


Tillaga deiliskipulag Jórvík 1, áfangi 2 og Björkrustykki III Sveitarfélagið Árborg.

Viðbrögð við umsögn Náttúruverndarstofnunar við deiliskipulag.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að eftirfarandi atriði verði tekin til sérstakrar skoðunar og úrvinnslu af hálfu sveitarfélagsins.

- **Meti hvort og að hvaða marki vistgerðir á svæðinu falli undir verndarákvæði 61.gr. Náttúruverndarlaga (hraun og votlendi) (deiliskipulag)**

Samkvæmt 61.gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 þá njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar. Innan sveitarfélagsins Árborgar finnast náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar s.s nútímahraun, vötn stærri en 1000 m², jarðhiti, sjávarfitjar og leirur en einungis nútímahraun finnst innan deiliskipulagsmarkanna. Hraunið er hins vegar hulið jarðvegi og gróðri og ekki lengur greinilegt og hefur því glatað verndargildi.




Mynd úr Forsendur og umhverfismatsskýrsla Aðalskipulags Árborgar 2020-2036.

- **Leggi mat á áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf, einkum mófugla og ábyrgðartegundir (deiliskipulag).**

Í umhverfismatsskýrslu aðalskipulags Árborgar hefur verið gerð grein fyrir því að fuglar séu sú dýrategund sem mestan svip setur á náttúru sveitarfélagsins og að suðurlandsundirlendið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði samkvæmt skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Fuglafriðland „Friðland í Flóa“ er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Friðlandið er um 5 km² með flæðiengum og tjörnum á ósasvæði Ölfusár og eru í beinum tengt við fuglarík svæði í Kaldaðarnesengjar og votlendi við Stokkseyri. Engin af þessum svæðum er innan deiliskipulagssvæðisins.

- **Greini verndargildi þeirra vistgerðar sem koma fram í kortasjá Náttúrufræðistofnunar og meti ástand þeirra á staðnum (deiliskipulag).**

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skilgreint og flokkað vistgerðir á Íslandi samkvæmt alþjóðlegum aðferðum. Samkvæmt mynd 21 í forsendu og umhverfismatsskýrslu aðalskipulags Árborgar 2020-2036 eru engar vistgerðir með „mjög hátt“ og „hátt“ verndargildi innan deiliskipulagssvæðisins.



Mynd úr Forsendur og umhverfismatsskýrslu Aðalskipulags Árborgar 2020-2036.

- **Meti þörf fyrir mótvægisaðgerðir til verndar búsvæðum og vistkerfum (deiliskipulag).**

Með nýrri íbúðarbyggð raskast land og gróður. Hins vegar með uppbyggingu nýrra svæða skapast tækifæri til að byggja upp á umhverfisvænni hátt en gert hefur verið. Í deiliskipulaginu er lögð mikil áhersla á blágrænar ofanvatnslausnir, aukið vægi gangandi- og hjólandi umferðar og að vera með ríkulegan gróður og græn svæði til útiveru og leiks. Með þessu móti er dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðlað að bindingu kolefnis á grænum svæðum. Gert er ráð fyrir trjágróðri meðfram safngötum til að skapa skjól, binda rykagnir og draga í sig yfirborðs- og grunnvatn. Uppbygging opinna svæða og gróðurs í skipulaginu á að skapa skjól og mynda umgjörð um leik- og dvalarsvæði, minnka sjónræn áhrif af bílaumferð og draga úr áhrifum útblásturs og hávaðamengunar. Á opnum svæðum er gert ráð fyrir að gróður verði blanda af þolnum trjágróðri sem verða bæði hávaxin og þétt og veita gott skjól ásamt fjölbreyttum gróðri sem stuðlar að fjölbreyttu vistkerfi svæðisins.